



## Verulegar útflutningstekjur í húfi verði engin loðnuveiði


Hafrannsóknarstofnun hefur ekki gefið út neinn upphafskvóta á loðnu á þessari vortíð og stefnir því í að engar loðnuveiðar verði heimilaðar. Verandi næst mikilvægasta útflutningsfisktegundin á eftir þorskinum munu áhrif þess verða allnokkur á landsframleiðslu og þar með á hagvöxt. Útflutningsverðmæti loðnu nam 17,8 mö.kr. í fyrra. Á þriðja ársfjórðungi síðasta árs nam landsframleiðsla síðustu fjögurra ársfjórðunga 2.766 mö.kr. Er því um að ræða um 0,6% af landsframleiðslu sem þjóðarbúið verður af, að öllu öðru óbreyttu.

### **Stofninn síðast áætlaður 214 þúsund tonn**


Sú veiðiregla sem stuðst er við til ákvörðunar á umfangi veiða gerir ráð fyrir að veiða upp að því marki að skilin séu eftir um 400 þúsund tonn af kynþroska loðnu hverju sinni. Nýjasta mat á þeim stofni frá rannsóknarleiðangri sem farinn var 4.-15. janúar var að stofn kynþroska loðnu væri 214 þúsund tonn. Nokkur skip eru í loðnuleit um þessar mundir í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Þær mælingar sem gerðar hafa verið á síðustu vikum hafa ekki gefið neina von um að veiðiráðgjöf verði breytt þó ekki sé öll nótt úti enn. Hluti af óvissunni um mat á stærð stofnsins liggur í því að ganga loðnunnar hefur breyst á síðustu árum sem talið er að rekja megi m.a. til hlýnunar sjávar í kringum landið.

### **Loðna veið veidd hér við land síðan 1963**

Verði það niðurstaðan að ekki verði veidd nein loðna mun það sæta töluverðum tíðindum enda hefur loðna veið veidd hér við land samfleytt frá árinu 1963. Þó komið hafi vortíðir með mjög litlum veiðum hefur það aldrei farið svo að ekki hafi orðið nein veiði. Af slæmum vortíðum má helst nefna árið 2009 þegar veið voru 15 þúsund tonn og árið 1982 þegar veiðar námu einungis rúmlega 13 þúsund tonnum. Þegar mest lét námu veiðar 1,3 milljón tonnum árið 1997 en segja má að mestu veiðarnar



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Loðnuveiðar Meðaltal árána 1968-2018




hafi verið á tímabilinu 1996-2002 þegar meðalveiðar ársins námu 976 þúsund tonnnum. Frá árinu 2002 hafa veiðar leitað niður á við og verið að meðaltali 190 þúsund tonn síðustu 5 ár.

### **Loðna lengi verið einn almikilvægasti fiskistofninn**


Loðna hefur lengi verið einn af almikilvægustu fiskistofnum Íslands þegar kemur að útflutningsverðmæti. Allt frá árinu 2012 hefur útflutningsverðmæti loðnu verið það næstmesta á eftir þorskinum, að undanskildu árinu 2014, þegar makrill var með annað mesta útflutningsverðmætið á eftir þorski. Að meðaltali hefur útflutningsverðmæti loðnu á tímabilinu 2012-2018 verið 23,2 ma.kr. á ári sem gerir um 9,4% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða á tímabilinu.

### **Loðnuveiðar hafa tekið miklum breytingum á síðustu áratugum**

Tilhögun loðnuveiða hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Á tíunda áratug síðustu aldar, þegar stofninn var hvað stærstur, var reglan sú að loðnan var veidd alla mánuði ársins nema maí og júní. Upp úr aldamótum tók þetta að breytast og langstærstur hluti loðnunnar var veiddur á fyrstu þremur mánuðum ársins en þó var loðnan einnig veidd í júní og júlí. Síðustu ár hefur loðnan nánast eingöngu verið veidd á fyrstu þremur mánuðum ársins eða rétt áður en hún hrygnir og drepst. Það er með ráðum gert enda er aflaverðmæti veiðanna hámarkað með þeim hætti. Á þessu tímabili er hrognafylling loðnunnar í hámarki og sé kvótinn lítill er hægt að auka hrognatöku á kostnað t.d. bræðslu en hrognataka gefur mun meira af sér í aflaverðmæti á hvert kíló. Sé horft yfir langt tímabil sést vel að mjög neikvæð fylgni er á milli hlutfallslegrar hrognatöku og veiða. Þannig hefur hrognataka verið hlutfallslega mikil þegar veiðar hafa verið í lægri kantinum en hlutfallslega minni þegar veiðar hafa verið tiltölulega litlar.



Heimild: Hagstofa Íslands



Sýnir hrognatöku sem hlutfall af veiddum afla  
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.